



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 20. desember 2013

Ákvörðun nr. 35/2013

Kaup Landsbankans á hlutafé í Ístaki hf.

I.

Málavextir

Samkeppniseftirlitinu barst beiðni frá Landsbankanum hf. (hér eftir „bankinn“ eða „Landsbankinn“), dags. 1. september 2013, um undanþágu vegna framkvæmdar á samruna bankans og verktakafyrirtækisins Ístaks hf. (hér eftir „Ístak“), sbr. 4. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005.

Í bréfi bankans kom fram að drög að kaupsamningi á milli Landsbankans og þrotabús danska félagsins Pihl & Søn A/S um kaup bankans á 99.9% hlut Pihl & Søn í Ístaki lægju fyrir. Landsbankinn taldi að vegna sérstakra aðstæðna væri afar rík þörf á því að samruninn kæmi til framkvæmda eins fljótt og auðið væri. Ístak hafi verið undirverktaki Pihl & Søn í verkefnum fyrirtækisins í Noregi og á Grænlandi. Sem aðalverktaki hafi Pihl & Søn m.a. séð um að útvega verkábyrgðir og greiðslur farið í gegnum félagið til Ístaks. Verkefnin hafi hins vegar eingöngu verið unnin af Ístaki og undirverktökum þess félags. Um 70% af tekjum Ístaks væru til komnar vegna þessara verka. Verksamningar vegna þessara verka væru í uppnámi vegna gjaldþrots Pihl & Søn en Ístak hyggðist taka þá yfir með aðstoð Landsbankans.

Samkeppniseftirlitið féllst á það með Landsbankanum að líkur væru á því að Ístak gæti orðið fyrir töluverðum skaða ef samruninn kæmi ekki til framkvæmda þá þegar. Af þeim sökum veitti Samkeppniseftirlitið, dags. 2. september sl., undanþágu til að framkvæma samrunann á meðan eftirlitið væri með hann til umfjöllunar skv. 4. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga. Tilkynnt var að Samkeppniseftirlitið myndi taka samrunann til efnislegrar umfjöllunar í kjölfar þess að fullbúin samrunatilkynning vegna hans hefði borist.

Samkeppniseftirlitinu barst samrunatilkynning frá Landsbankanum 20. september sl. og sá Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að gera athugasemdir við hana.

Með bréfi, dags. 8. október 2013, tilkynnti Samkeppniseftirlitið Landsbankanum að eftirlitið teldi að umræddur samruni geti skapað hættu á því að samkeppni verði raskað. Gaf Samkeppniseftirlitið Landsbankanum kost á að koma að sjónarmiðum sínum og eftir atvikum að leggja fram eigin tillögur að viðhlítandi skilyrðum sem leitt gætu til sáttar í



málinu á grundvelli 17. gr. f samkeppnislaga og 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Slík möguleg sátt fæli í sér að Samkeppniseftirlitið heimilaði samrunann að því tilskyldu að bankinn féllist á skilyrði sem Samkeppniseftirlitið teldi nauðsynleg.

Með bréfi Landsbankans, dags. 18. október 2103, til Samkeppniseftirlitsins, lýsti Landsbankinn yfir vilja til þess að gangast undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f. samkeppnislaga nr. 44/2005 og 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Með bréfinu fylgdu tillögur Landsbankans að skilyrðum. Lýsti bankinn sig jafnframt tilbúinn til allra frekari viðræðna við Samkeppniseftirlitið um viðhlítandi skilyrði sem leiða kynnu til sáttar í málinu.

Með bréfi, dags. 25. október 2013, tilkynnti Samkeppniseftirlitið Landsbankanum að þar sem fyrirséð væri að meðferð málsins myndi taka lengri tíma en sem næmi þeim tímaramma sem málsmeðferðin markaðist af í fasa I, teldi eftirlitið ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans í samræmi við ákvæði 17. gr. d samkeppnislaga.

II. Samruninn

Í samrunaskrá kemur fram Landsbankinn hafi keypt 99,9% eignarhlut í Ístaki af þrotabúi danska félagsins Pihl & Sön A/S. (hér eftir „Pihl“).

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Getur slík breyting m.a. falið í sér að fyrirtæki taki yfir annað fyrirtæki, sbr. b-lið 1. mgr. 17. gr. Það er ljóst að kaup Landsbankans á 99,9% af öllu hlutafé Ístaks felur í sér yfirtöku bankans á Ístaki og telst þar með vera samruni í skilningi samkeppnislaga.

Ístaki má lýsa sem alhliða verktakafyrirtæki en starfsemi félagsins felst aðallega í byggingarverkefnum á borð við virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúargerð auk flugvalla. Ennfremur annast félagið húsbyggingar, endurbyggingar og viðhaldsverk fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.¹

Landsbankinn er alhliða banki sem þjónar bæði einstaklingum og fyrirtækjum. Bankinn starfar samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálaafyrirtæki. Íslenska ríkið á um 98% hlut í bankanum. Ljóst er að bankinn nýtur afar sterkrar stöðu á þeim mörkuðum sem hann starfar.

Samkvæmt samrunaskrá eru kaup Landsbankans á hlutunum í Ístaki liður í því að tryggja áframhaldandi fjármögnun á verkefnum Ístaks og til að skapa trúverðugt eignarhald fyrir félagið en fyrirséð var að verkstöðvanir hjá Ístaki vegna gjaldþrots Pihl myndu hafa alvarlegar fjárhagslegar afleiðingar fyrir Ístak og skaðleg áhrif á hag viðskiptaaðila félagsins.

¹ Í samrunaskrá kemur fram að tilgangur félagsins sé, samkvæmt samþykktum þess, að hafa með höndum hvers konar framkvæmdir á sviði mannvirkjagerðar, verkfræðistörf og annan skyldan atvinnurekstur.



Eins og nánar er skýrt í niðurstöðukafla geta skapast ýmsar hættur á samkeppniströskun ef ekki eru settar skorður við langvarandi eignarhaldi lánardrottna á borð við banka að fyrirtækjum á samkeppnismarkaði. Viðræður Samkeppniseftirlitsins við Landsbankann hafa leitt til þess að Landsbankinn hefur gengist undir sátt vegna kaupanna á Ístaki á grundvelli 17. gr. f samkeppnislaga og 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Sáttin felur í sér að samruna þessum eru sett skilyrði sem fram koma í lokakafla ákvörðunar þessarar.

III. Niðurstaða

1. Markaður

Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að greina þarf viðkomandi markaði út frá a.m.k. tveimur sjónarhornum. Annars vegar er nauðsynlegt að skilgreina markaðinn út frá því hvaða vöru eða þjónustu málið varðar og hins vegar þarf að bera kennsl á þann landfræðilega markað sem málið varðar. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnistrétti geta ekki verið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008, *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

1.1 Vöru- og þjónustumarkaður

Með viðkomandi vöru- eða þjónustumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika þeirra, verðs og áformaðrar notkunar. Staðgönguvara eða staðgönguþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar vöru eða þjónustu.

Í tengslum við mat á þeim vöru- og þjónustumarkaði sem mál þetta varðar hefur Samkeppniseftirlitið m.a. byggt á þeim upplýsingum sem fram koma í samrunatilkynningu en þess utan hefur eftirlitið m.a. haft hliðsjón af ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 11/2010, *Kaup IP verktaka á Íslenskum aðalverktökum*.

Líkt og áður hefur komið fram er hægt að líta á Ístak sem alhliða verktakafyrirtæki en starfsemi félagsins felst aðallega í byggingarverkefnum á borð við virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúargerð auk flugvalla. Ennfremur annast félagið húsbyggingar, endurbyggingar og viðhaldsverk fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga. Í samrunaskrá segir að Ístak starfi oftast sem aðalverktaki en í því felist að semja um og bera ábyrgð á heildarverki, en fela sérhæfðum verktökum og efnissölum einstaka þætti samkvæmt sérstökum samningum. Langflestir samningar Ístaks séu gerðir í kjölfar útboða.

Að mati Samkeppniseftirlitsins er á grundvelli ofangreinds hægt að líta svo á að Ístak starfi á byggingamarkaði þar sem verktakastarfsemi Ístaks fer fram á þeim markaði. Það fer svo aftur eftir eðli hvers máls hvort ástæða sé til að þengja markaðsskilgreininguna frekar að einstökum undirmörkuðum byggingamarkaðar. Í því tilviki sem hér er til skoðunar er ekki



um samruna keppinauta að ræða. Á þeim grundvelli eru ekki efni til að skilgreina markaðinn nánar en framar greinir.

Á byggingamarkaði hérlendis starfa margir aðilar. Í því sambandi eru nefnd nokkur fyrirtæki í samrunaskrá, s.s. ÍAV hf., Eykt ehf., BM Vallá, Jarðboranir hf., Hlaðbær Colas, Háfell ehf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Atafi ehf., SS byggir ehf. og Loftorka Reykjavík ehf. Ljóst er að framangreind fyrirtæki starfa sum hver aðeins á sumum undirmörkuðum verktakamarkaðarins og eru því ekki fyllilega sambærileg hvert við annað. Enda þótt ekki sé talin ástæða til að greina einstaka undirmarkaði í þessu máli má vekja á því athygli að í öðrum samrunamálum er snerta þennan markað gætu rök staðið til þess að skipta markaðnum niður í undirmarkaði, s.s. eftir því hvort um brúargerð, vegaf framkvæmdir eða húsbyggingar er að ræða.

Loks má benda á að nokkur erlend fyrirtæki hafa tekið þátt í verkútboðum á undanförunum árum þegar um hefur verið að ræða meiriháttar mannvirkjagerð. Ætla verður að aðkoma erlendra fyrirtækja feli í sér allnokkuð samkeppnisaðhald á þessum markaði.

1.2 Landfræðilegur markaður

Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum. Meðal þátta sem skipta máli við mat á viðkomandi landfræðilegum markaði eru eðli og einkenni viðkomandi vöru eða þjónustu, hugsanlegar aðgangshindranir eða neytendavenjur, greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækja á viðkomandi svæði og aðliggjandi svæðum eða verðmunur. Fræðilega séð getur landfræðilegur markaður verið ýmist staðbundinn, svæðisbundinn, landsmarkaður eða alþjóðamarkaður.

Í samrunaskrá segir að Ístak hafi lengi unnið að verkefnum utan Íslands en eftir árið 2008 hafi stjórnendur félagsins lagt ríkari áherslu á að sækja sér verkefni utan Íslands. Félagið hafi unnið að verkefnum í Færeyjum, Grænlandi, Danmörku, Jamaíka og í Noregi. Árið 2011 hafi um [...] ² % af veltu félagsins skapast utan Íslands, aðallega í Noregi. Áætlun fyrir árið 2013 hljóði upp á svipaða skiptingu á veltu.

Ljóst er af framangreindu að landfræðilegir markaðir þeir sem Ístak starfar á eru að mestu leyti utan Íslands. Hvað Ísland áhrærir þá er það mat Samkeppniseftirlitsins að hinn landfræðilegi markaður sé landið heilt og óskipt enda tekur Ístak að sér verkefni um allt land eðli starfsemi sinnar samkvæmt.

1.3 Markaðshlutdeild

Á síðustu árum hafa heildartekjur Ístaks legið á bilinu [...] ³ ma.kr. samkvæmt fylgiskjali sem barst með samrunatilkynningu. Þar af hafa um [...] ⁴ % af veltunni myndast utan Íslands vegna verkefna á Norðurlöndunum og víðar. Jafnframt kemur fram að gert sé ráð

² Trúnaðarmál.

³ Trúnaðarmál.

⁴ Trúnaðarmál.



fyrir svipaðri skiptingu tekna fyrir árið 2013. Sé tekið mið af þessari áætlun Ístaks og tekjuþróun síðustu ára virðist mega gera ráð fyrir að tekjur Ístaks muni nema á bilinu [...] ⁵ mö.kr. vegna verkefna á Íslandi á allra næstu árum. Ljóst er af þessum tölum að umsvif Ístaks í íslensku atvinnulífi eru veruleg þrátt fyrir að meginhluti veltu félagsins myndist utan Íslands. Þess utan verður það að teljast fremur sennilegt að umsvif félagsins á Íslandi gætu aukist talsvert frá því sem nú er ef viðhald og fjárfestingar í innviðum aukast og fjárfesting í orku- og stóriðjugeiranum tekur við sér.

Það fer eftir eðli hvers máls hversu mikil markaðshlutdeild Ístaks er metin á þeim markaði sem málið varðar. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að líta má svo á að sem alhliða verktaki starfi fyrirtækið á byggingamarkaði eða einstökum undirmörkuðum hans. Í þessu máli er ekki talin ástæða til að skilgreina markaðinn af nákvæmni, svo sem áður greinir, þar sem ekki er um samruna keppinauta að ræða. Af sömu ástæðu er ekki heldur talin ástæða til að leggja sérstakt mat á markaðshlutdeild Ístaks í þessu máli.

Hvað varðar stöðu Landsbankans þá er ljóst að staða hans á viðskiptabankamarkaði er afar sterk, ekki síst í útlánum til fyrirtækja. Á grundvelli upplýsinga sem fram koma í ársreikningum stóru viðskiptabankanna þriggja var markaðshlutdeild Landsbankans í útlánum til fyrirtækja um 40% í lok ársins 2012 sé eingöngu tekið mið af innbyrðis skiptingu fyrirtækjaútlána stóru viðskiptabankanna þriggja.

Með hliðsjón af verulegum umsvifum Ístaks í íslensku atvinnulífi og sterkri stöðu Landsbankans í fyrirtækjaútlánum telur Samkeppniseftirlitið að umræddur samruni kunni að skapa hættu á því að samkeppni verði raskað. Verður þetta skýrt nánar hér á eftir.

2.

Samkeppnisleg áhrif samrunans

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruni leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða verði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru litlar líkur á að kaup Landsbankans á 99,9% eignarhlut í Ístaki leiði til þess að verulegar breytingar verði á uppbyggingu markaðarins eða að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist. Hins vegar telur Samkeppniseftirlitið að eignarhald Landsbankans á Ístaki geti að óbreyttu leitt til umtalsverðrar röskunar á samkeppni, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Við slíkar aðstæður getur Samkeppniseftirlitið ógilt samruna eða sett honum skilyrði samkvæmt ákvæðinu.

Í umfjöllun Landsbankans um áhrif samrunans í samrunaskrá segir að þar sem Landsbankinn sé alls ótengdur þeim markaði sem Ístak starfi á telji bankinn að samkeppnisleg áhrif samrunans séu engin. Þannig sé tilgangur Landsbankans að reka þá starfsemi sem fjármálaþyrtingum er heimil en starfsemi Ístaks felist einkum í byggingaverkefnum. Jafnframt kemur m.a. fram að Landsbankinn hafi ekki hug á að eiga umræddan eignarhluta til langframa.

⁵ Trúnaðarmál.



Samkeppniseftirlitið hefur fjallað töluvert um aðkomu banka að eignarhaldi á atvinnufyrirtækjum á undanförunum árum. Má í því sambandi benda á álit Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2008, *Ákvarðanir banka og stjórnvalda um framtíð fyrirtækja á samkeppnismörkuðum*, skýrslu nr. 2/2008, *Öflug uppbygging - opnun markaða og efling atvinnustarfsemi*, umræðuskjal nr. 2/2009, *Bankar og endurskipulagning fyrirtækja* og skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2011, *Samkeppni eftir hrun*.

Þá ber að líta til úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 18/2009, *Síminn gegn Samkeppniseftirlitinu*. Hafði þessi úrskurður mikla þýðingu við úrlausn mála sem varða eignarhald banka á atvinnufyrirtækjum. Málið varðaði samruna Vestia, dótturfélags NBI, og Teymis. Samkeppniseftirlitið hafði heimilað þennan samruna NBI og Teymis án skilyrða í ákvörðun nr. 34/2009. Síminn, sem keppinautur Teymis, kærði niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu í úrskurði sínum (í máli nr. 18/2009) að Samkeppniseftirlitinu hefði borið að setja samrunanum skilyrði þar sem samruninn raskaði samkeppni með umtalsverðum hætti í skilningi 17. gr. c samkeppnislaga. Um þetta segir í úrskurði áfrýjunarnefndar:

„Að mati áfrýjunarnefndarinnar skapast ýmis konar hætta á röskun á samkeppni ef ekki eru settar skorður við langvarandi eignarhaldi lánardrottna á borð við banka að fyrirtækjum á samkeppnismarkaði. Sú röskun getur strítt gegn markmiðum samkeppnislaga og þar með hagsmunum neytenda ef fyrirtæki getur athafnað sig á markaði án eðlilegs aðhalds frá lánardrottnum sínum og eiganda. Telja verður að fjárhagslegur styrkur eigandans skipti hér máli og „þol“ hans til að bíða með að fá fjármagn sitt til baka þar til að önnur fyrirtæki á sama markaði hafa eftir atvikum veikst eða helst úr lestinni. Þá er ljóst að ýmis vandamál skapast við hagsmunatengsl banka, sem liggja víða, og þær miklu upplýsingar sem bankarnir búa yfir um samkeppnisaðila og eftir atvikum viðskiptamenn á markaði. Þá verður ekki horft fram hjá því að bankarnir eru stórir viðskiptavinir á þjónustumörkuðum og í núverandi ástandi eru mörg félög þeim tengd. Getur því skapast hætta á óeðlilegum gerningum og misnotkun þeirrar aðstöðu. Þótt það sé til bóta að eignarhlutir í félögum séu í höndum sérstaks dótturfélags banka leysir það ekki allan vanda.“

Taldi áfrýjunarnefnd að unnt væri að draga úr eða koma í veg fyrir framangreind óæskileg áhrif með því að setja samruna af þessum toga skilyrði:

„Að mati áfrýjunarnefndarinnar er nauðsynlegt að fyrirtækjum í eigu bankanna verði gert skylt að starfa eins sjálfstætt og unnt er á eðlilegum rekstrargrundvelli og að þeim verði ráðstafað innan eðlilegs tíma.“

Var í úrskurði áfrýjunarnefndar lagt fyrir stofnunina að setja samruna Teymis og Vestia skilyrði til að koma í veg fyrir þau samkeppnislegu vandamál sem nefndin taldi stafa af samrunanum. Var það gert með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 7/2010 sem birt var 31. mars 2010. Sama dag voru einnig birtar ákvarðanir vegna yfirtöku Íslandsbanka hf. á bifreiðaumboðunum Bifreiðum & Landbúnaðarvélum ehf. og Ingvari Helgasyni ehf. (ákvörðun nr. 8/2010) og yfirtöku Arion banka hf. á Högum hf. (ákvörðun nr. 6/2010).

Samkeppniseftirlitið telur að sambærileg sjónarmið eigi við um yfirtöku Landsbankans á Ístaki og þann samruna sem áfrýjunarnefndin fjallaði um í tilvitnuðum úrskurði. Einnig má



t.d. vísa til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 31/2010, *Yfirtaka Arion banka á B.M. Vallá* í þessu sambandi.

Eins og áður greinir eru umsvif Ístaks umtalsverð í íslensku atvinnulífi og Landsbankinn nýtur mestrar markaðshlutdeildar á Íslandi í útlánum til fyrirtækja. Ætla verður að hagsmunatengsl bankans liggi víða og bankinn búi yfir miklum upplýsingum um keppinauta Ístaks og viðskiptamenn á viðkomandi markaði. Samkvæmt framansögðu er að mati Samkeppniseftirlitsins nauðsynlegt að setja samruna Landsbankans og Ístaks skilyrði enda ljóst að eignarhald banka á atvinnufyrirtækjum getur raskað samkeppni. Ljóst er að mati Samkeppniseftirlitsins að við móttun skilyrða fyrir samruna Landsbankans og Ístaks er við hæfi að byggja almennt á þeim skilyrðum sem fram koma í ýmsum fyrri ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins vegna yfirtöku banka á atvinnufyrirtækjum (sbr. fordæmi sem nefnd voru hér að framan). Sérgreind skilyrði ráðast af stöðu fyrirtækisins á markaði og skyldum þáttum.

Í samrunaskrá segir að Ístak starfi oftast sem aðalverktaki en í því felist að semja um og bera ábyrgð á heildarverki, en fela sérhæfðum verktökum og efnissölum einstaka þætti samkvæmt sérstökum samningum. Langflestir samningar Ístaks séu gerðir í kjölfar útboða. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst að staða Ístaks sem aðalverktaka eykur hættuna á að hagsmunatengsl bankans skapi þörf fyrir sérstök skilyrði þar sem það væri tryggt að hagsmunir Ístaks sjálfs en ekki bankans væru alfarið hafðir að leiðarljósi við ákvörðun um það hvaða sérhæfðu verktökum og efnissölum Ístak felur einstaka verkþætti hverju sinni. Í þessu sambandi skal á það bent að möguleg viðskiptasambönd Landsbankans við einstaka sérhæfða undirverktaka á markaði mega undir engum kringumstæðum hafa áhrif á verkúthlutun Ístaks.

3.

Íhlutun

Af framangreindu leiðir að tilefni er til íhlutunar á grundvelli 17. gr. c samkeppnislaga vegna samrunans. Snemma við málsmeðferðina lýsti Landsbankinn yfir vilja til þess að gangast undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f laganna og 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Viðræður við bankann hafa leitt til sáttar í málinu. Sáttin felur í sér neðangreind skilyrði sem sett eru fram í ákvörðunarorðum. Telur Samkeppniseftirlitið að skilyrðin leysi hin samkeppnislegu vandamál sem stafa af samrunanum.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Með kaupsamningi, dags. 1. september 2013, keypti Landsbankinn hf. 99,9% hlut í Ístaki hf. Framangreint felur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Með heimild í 17. gr. laganna eru samrunanum sett skilyrði. Með setningu eftirfarandi skilyrða, sem samþykkt hafa verið af Landsbankanum, er ekki þörf á ógildingu samrunans:



SÁTT VEGNA YFIRTÖKU LANDSBANKANS HF. Á ÍSTAKI HF.

Landsbankinn hf. (hér eftir „Landsbankinn“ eða „bankinn“) og Samkeppniseftirlitið hafa gert með sér sátt í samræmi við 17. gr. f. samkeppnislaga nr. 44/2005 og 22. gr. reglna nr. 880/2005 um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins vegna yfirtöku Landsbankans á Ístaki hf. (hér eftir „Ístak“).

Landsbankinn er fjármálafyrirtæki og starfar samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Ístak er alhliða verktakafyrirtæki sem starfar á byggingamarkaði. Felst starfsemi félagsins m.a. í húsbýggingum, vega- og brúargerð, hafnargerð og virkjanagerð.

Í því skyni að sporna gegn skaðlegum hagsmunatengslum og öðrum samkeppnishindrunum á byggingamarkaði sem stafað geta af eignarhaldi Landsbankans á Ístaki fellst Landsbankinn á að hlíta eftirfarandi skilyrðum í starfsemi sinni:

1. Söluskylda og sölumáti

1.1 Frestur til sölu

Landsbankinn skal selja eignarhlut sinn í Ístaki eins fljótt og verða má og eigi síðar en innan [...] ⁶ frá dagsetningu sáttarinnar.

Samkeppniseftirlitið getur framlengt sölufrest skv. 1. mgr. samkvæmt umsókn bankans. Í umsókn um framlengingu sölufrests skal rökstutt hvaða atvik hindra sölu. Ef umsóknin byggist á því mati bankans að erfiðar markaðsaðstæður eða sérstakar aðstæður í rekstri eða rekstrarumhverfi Ístaks hamli sölu innan frests skv. 1. mgr. skal með henni fylgja álit frá óháðum kunnáttumanni þar sem framangreint mat bankans er staðfest. Komi til þess að slíkur frestur verði veittur, getur Samkeppniseftirlitið bundið frestinn skilyrðum um að eignarhluturinn skuli færður í eignarhaldsfélag sem lúti tilteknum reglum og að stjórn Ístaks verði óháð bankanum.

Eftirlitsaðili bankans, sbr. kafla 4 hér á eftir, skal fylgjast með sölufrelinu og skal söluáætlun liggja fyrir þegar við gildistöku sáttar þessarar.

1.2 Sölumáti

Eignarhlut bankans í Ístaki skal selja í fyrirfram skilgreindu og gagnsæju ferli, t.d. í opnu sölufreli eða með skráningu í kauphöll að undangengnu útboði í samræmi við ákvæði laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007.

Móta skal söluáætlun þegar við gildistöku ákvörðunar þessarar og hún kynnt Samkeppniseftirlitinu.

⁶ Trúnaðarmál



2. Aðgerðir gegn skaðlegum hagsmunatengslum

2.1 Almennt

Markmið skilyrða þessara er einkum að tryggja að viðskiptatengsl Landsbankans við fyrirtæki sem starfa á sömu eða skyldum mörkuðum og Ístak skaði ekki samkeppni á meðan Ístak er undir beinum yfirráðum Landsbankans. Skal bankinn í því skyni tryggja sjálfstæði Ístaks á samkeppnismarkaði.

2.2 Sjálfstæði stjórnar Ístaks

Við skipan fulltrúa í stjórn Ístaks skal stuðla að samkeppnislegu sjálfstæði félagsins með eftirfarandi hætti:

- a) Meirihluti stjórnarmanna í Ístaki skulu vera óháðir Landsbankanum. Stjórnarmaður telst óháður ef hann er ekki starfsmaður eða stjórnarmaður hjá bankanum eða fyrirtækjum, að undanskildu Ístaki, sem bankinn á meira en 15% eignarhlut í, er ekki maki stjórnarmanns eða stjórnanda hjá ofangreindum aðilum, skyldum þeim í beinan legg eða fyrsta legg til hliðar. Einnig telst stjórnarmaður óháður ef hann er ekki verulega háður framangreindum aðilum í störfum sínum. Þeir sem t.d. sinna reglubundið hagsmunagæslu og/eða ráðgjafarstörfum fyrir framangreinda aðila og hafa meirihluta tekna sinna af viðskiptum við framangreinda aðila uppfylla ekki þetta skilyrði.
- b) Stjórnarmenn, sem sitja í stjórn Ístaks fyrir tilstuðlan eignarhlutar Landsbankans, skulu staðfesta með undirritun viðhlítandi yfirlýsingar að þeir séu ekki tengdir keppinautum Ístaks eða sex stærstu birgjum þess í gegnum atvinnu, stjórnarsetu eða beint eignarhald.

2.3 Tryggja skal sjálfstæði Ístaks gagnvart Landsbankanum

Eignarhlut Landsbankans í Ístaki skal komið fyrir hjá Fjárstýringu Landsbankans sem er sérstök deild undir Fjármálasviði bankans. Munu starfsmenn Fjárstýringar fara með eignarhlutinn og sinna hagsmunagæslu f.h. Landsbankans sem hluthafa í Ístaki. Landsbankinn staðfestir að starfsmenn Fjárstýringar sitja ekki í lánanefnd bankans þar sem teknar eru ákvarðanir um útlán til Ístaks, keppinauta og mikilvægra viðskiptavina Ístaks. Rekstur Ístaks skal vera aðskilinn frá öðrum rekstri bankans.

Tryggja skal að starfsmenn bankans sem sinna hagsmunagæslu f.h. bankans sem hluthafa í Ístaki starfi ekki á þeim sviðum bankans sem taka ákvarðanir um útlán til keppinauta eða mikilvægra viðskiptavina Ístaks.

Landsbankinn skal tryggja með nauðsynlegum aðgerðum að starfsmenn bankans sem taka ákvarðanir um útlán til keppinauta eða mikilvægra viðskiptavina Ístaks fari með viðkvæmar trúnaðarupplýsingar þannig að ekki skapist hætta á óeðlilegum gerningum eða röskun á samkeppni.



2.4 Engar óeðlilegar fjármögnunarívilnanir

Landsbankinn skal gera formlega samninga um allar lánveitingar til Ístaks. Öll kjör og önnur fyrirgreiðsla sem snýr að fjármögnun Landsbankans til Ístaks, sem veitt er eftir dagsetningu sáttar þessarar, skal vera líkt og um óskylda aðila sé að ræða.

2.5 Tryggja skal sjálfstæði milli Ístaks og tengdra fyrirtækja Landsbankans
Tryggja skal fullt sjálfstæði milli annars vegar Ístaks og hins vegar keppinauta og mikilvægra viðskiptavina Ístaks sem eru eða munu verða, að fullu eða hluta, í eigu Landsbankans (nefnd hér eftir tengd fyrirtæki).

Landsbankinn skal tryggja að starfsmenn bankans miðli ekki viðkvæmum upplýsingum um starfsemi framangreindra fyrirtækja milli þeirra.

2.6 Óheimilt er að hlutast til um viðskipti milli Ístaks og tengdra fyrirtækja
Ef um er að ræða viðskipti á milli Ístaks og tengdra fyrirtækja skulu þau vera á viðskiptalegum forsendum eins og um viðskipti milli óskyldra aðila væri að ræða. Þá skal viðskiptastefna Ístaks vera algerlega óháð tengdum fyrirtækjum í eigu bankans. Skal bankinn ekki hlutast til um viðskipti á milli Ístaks og tengdra fyrirtækja. Er bankanum t.d. óheimilt að beita sér fyrir því að Ístak beini viðskiptum til tengdra fyrirtækja. Jafnframt er bankanum óheimilt að beita sér fyrir því að því að tengd fyrirtæki eigi viðskipti við Ístak.

2.7 Bankanum er óheimilt að hlutast til um viðskipti milli Ístaks og annarra viðskiptavina bankans

Bankanum er óheimilt að hafa afskipti af viðskiptum milli Ístaks og annarra viðskiptavina bankans. Þannig er bankanum t.d. óheimilt að beita sér fyrir því að viðskiptavinir hans beini viðskiptum sínum til Ístaks eða að Ístak beini viðskiptum sínum til annarra viðskiptavina bankans.

2.8 Bankinn gæti jafnræðis og trúnaðar milli Ístaks og viðskiptavina bankans
Landsbankinn skal tryggja með nauðsynlegum aðgerðum að viðkvæmar upplýsingar sem bankinn býr yfir um keppinauta eða viðskiptavini Ístaks berist ekki til Ístaks. Viðskiptastjóri Ístaks á Fyrirtækjasviði Landsbankans skal undirrita yfirlýsingu þar sem hann lýsir því yfir að hafa kynnt sér þau fyrirmæli sem felast í sátt þessari og heiti því að virða þau að öllu leyti.

Að öðru leyti en sem hér framfar hefur verið tiltekið skal Landsbankinn tryggja með nauðsynlegum aðgerðum að viðkvæmar upplýsingar sem bankinn býr yfir um Ístak berist ekki til keppinauta eða viðskiptavina Ístaks.

2.9 Yfirlýsing stjórnenda Landsbankans

Bankastjóri og þeir framkvæmdastjórar sem taka ákvarðanir um útlán til Ístaks, keppinauta eða mikilvægra viðskiptavina Ístaks skulu undirrita yfirlýsingu þar sem því er lýst yfir að viðkomandi hafi kynnt sér þau fyrirmæli sem felast í sátt þessari og heiti því að virða þau að öllu leyti.



3. Upplýsingagjöf

3.1 Opinber upplýsingagjöf um starfsemi Ístaks

Á meðan Ístak er undir yfirráðum Landsbankans skulu eftirfarandi upplýsingar um starfsemi og rekstur Ístaks vera aðgengilegar opinberlega, t.d. á heimasíðu Ístaks eða Landsbankans:

- a) Upplýsingar um skipan stjórnar Ístaks ásamt upplýsingum um forstjóra félagsins og eftir atvikum lykilstjórnendur. Þá skal upplýsa um allar breytingar á skipan stjórnar þegar þær eiga sér stað.
- b) Upplýsingar um stærð eignarhlutar bankans og breytingar á honum, þegar þær eiga sér stað.

4. Eftirlit

4.1 Eftirlit innan Landsbankans

Stjórn Landsbankans skal fela óháðum aðila eða aðilum eftirlit með því að skilyrðum ákvörðunar þessarar sé fylgt. Með óháðum aðila er hér átt við aðila sem ráðinn er af stjórninni og kemur ekki með neinum hætti að framkvæmd skilyrða þessara eða starfsemi bankans sem tengist skilyrðum ákvörðunarinnar.

Skal stjórnin tryggja að viðkomandi eftirlitsaðili njóti nægilegra heimilda og sjálfstæðis til þess að geta framkvæmt þetta eftirlit með trúverðugum hætti. Skal t.d. tryggt að eftirlitsaðilinn geti aflað sér utanaðkomandi sérfræðiaðstoðar ef hann telur þörf á því. Skal Landsbankinn upplýsa Samkeppniseftirlitið fyrir 30. desember 2013 um hvernig framangreint verður tryggt.

Eftirlit samkvæmt 1. mgr. skal að lágmarki fela í sér eftirfarandi:

- a) Að gengið sé úr skugga um hvort farið hafi verið að skilyrðum þessum af hálfu Landsbankans. Í því felst mat á því hvort verkferlar bankans séu fullnægjandi og hvort farið hafi verið eftir þeim.
- b) Að sérstaklega sé kannað hvort eðlileg arðsemissjónarmið séu höfð að leiðarljósi í rekstri Ístaks.
- c) Að fylgst sé með því að stjórnarmenn Ístaks uppfylli skilyrði þessi.
- d) Að fylgst sé með því að viðskipti bankans við fyrirtæki á tengdum mörkuðum eða sama markaði og Ístak starfar á séu í samræmi við ákvæði skilyrða þessara.
- e) Að fylgst sé með því að viðskipti Ístaks við Landsbankann og félög í eigu bankans séu í samræmi við ákvæði sáttar þessarar.
- f) Að fylgst sé með því hvort verulegar breytingar verða í rekstri Ístaks, s.s. með sölu tiltekinna rekstrareininga, opnun eða lokun þeirra.

Eftirlitsaðili skv. 1. mgr. skal senda Samkeppniseftirlitinu skýrslu um starf sitt fyrir lok júní og desembermánaða þar til sala á Ístak hefur átt sér stað. Skýrslan skal að lágmarki hafa að geyma þær upplýsingar og mat sem kveðið er á um í 3. mgr. þessarar greinar.



5. Viðurlög

Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í sátt þessari varða viðurlögum skv. IX. Kafa samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Sigurðsson